

um frv. til l. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Alþýðuflokkurinn er fylgjandi þeirri meginstefnu þessa frv. að halda áfram þeirri áætlunargerð, sem tekin hefur verið upp í vaxandi mæli á undanförunum áratug og hefur verið í höndum Efnahagsstofnunar, Framkvæmdasjóðs, Atvinnujöfnunarsjóðs og einstakra ráðuneyta. Þessi áætlunargerð hefur reynzt mjög nytsamleg. Hér hefur verið um að ræða samningu þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir þjóðarbúið í heild, árlegar áætlanir um opinberar framkvæmdir og fjárflokkun til þeirra, áætlun um þróun iðnaðarins, samgönguáætlun fyrir Vestfirði og Austurland og atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland, sérstakar áætlanir á sviði menntamála og gagnasöfnun til að gera mögulega áætlun um þróun landbúnaðarins. Þá hefur Efnahagsstofnunin í samvinnu við verðlagsráð sjávarútvegsins og samtök í þeirri grein komið á fót ýtarlegu upplýsingakerfi um afkomu sjávarútvegsins, sem verið hefur og hlýtur að verða grundvöllur stefnumótunar og áætlunargerðar á því sviði. Enn fremur hefur Efnahagsstofnunin verið ríkisstjórn til ráðuneytis, og hefur það gefið mjög góða raun. Einnig hefur hún unnið að hlutlausum hagrannsóknnum, sem reynzt hafa haft ómetanlega þýðingu við gerð kjarasamninga og ákvörðun fiskverðs.

Allri þessari nytsömu starfsemi á að halda áfram samkvæmt frumvarpinu. Auk þess styður Alþýðuflokkurinn þá auknu áherzlu á mikilvægi áætlunargerðar og þá samhæfingu hennar, sem í frv. felst. Að einu leyti er ríkjandi skipulag í þessum efnunum enn fremur bætt, þ. e. með því að sameina Framkvæmdasjóð og Atvinnujöfnunarsjóð undir eina stjórn. Alþýðuflokkurinn styður því öll atriði frv., sem um þessi efni fjalla.

Hins vegar telur flokkurinn stjórnarfyrikkomulag stofnunarinnar mjög varhugavert, eins og það er ráðgert í frv., og raunar einsdæmi, bæði hér á landi og í nálægum löndum. Eðlilegt er, að yfirstjórn slíkrar stofnunar sé í höndum þingkjörinnar stjórnar. En frv. gerir jafnframt ráð fyrir pólitísku framkvæmdaráði, skipuðu af ríkisstjórninni, og mun það hafa úrslitavöld í stofnuninni, þar eð það á að láta gera allar áætlanir stofnunarinnar, gera tillögur um allar rekstraráætlanir og starfsáætlanir, tillögur um allar lánveitingar og meira að segja ráða starfsfólk hinna þriggja deilda stofnunarinnar. Sérfræðilegir forstöðumenn deildanna eiga að verða undirmenn þessara pólitísku fulltrúa og engan tillögurétt hafa um störf deilda sinna og ekki einu sinni að ráða starfsfólki sínu. Engin dæmi eru í íslenzku stjórnkerfi um tvöfalda pólitíska stjórn stofnunar, þ. e. pólitíska yfirstjórn, kjörna af Alþingi, og pólitíska framkvæmdastjóra, skipaða af ríkisstjórn. Hingað til hefur hið fyrri verið talið nægja, enda eðlilegt. Hið síðara er algert nýmæli og algjörlega óeðlilegt og auk þess varhugavert fordæmi. Þess vegna flyt ég breytingartillögu um, að ákvæðin um hið pólitíska framkvæmdaráð verði felld úr frv., en stofnuninni hins vegar skipaður einn framkvæmdastjóri til þess að annast daglegan rekstur og myndi hann og forstöðumenn deilda framkvæmdaráð stofnunarinnar.

Í 16. gr. er gert ráð fyrir því, að lánadeildin geti haft vörzlu og bókhald þeirra sjóða, sem eru í umsjón stofnunarinnar, og annast afgreiðslu og innheimtu. Ef þessi heimild væri notuð, væri komið á fót nýjum banka. Mun það mál flestra, að nógu margir bankar séu í landinu. Seðlabanki Íslands annast nú rekstur Framkvæmdasjóðs og Landsbanki Íslands rekstur Atvinnujöfnunarsjóðs. Yrði að því augljós og óþarfur kostnaðarauki, ef Framkvæmdastofnunin tæki þennan rekstur að sér. Þess vegna flyt ég breytingartillögu um, að stofnunin skuli fela ríkisbönkum rekstur sjóðanna.

Þá flyt ég ásamt fjórum öðrum fjárhagsnefndarmönnum þrjár breytingartillögur á þskj. 210, en fyrir þeim beitti ég mér sérstaklega í nefndinni. Mikilvægust er sú tillaga að gera hagrannsóknadeildina óháða pólitískri yfirstjórn stofnunarinnar og láta hana heyra beint undir ríkisstjórnina, með svipuðum hætti og Hagstofa Íslands heyrir beint undir ráðherra, en hefur ekki sérstaka stjórn. Hagrannsóknir þurfa að vera óháðar og hlutlausar og geta notið fyllsta trausts almennings, aðila vinnumarkaðsins og allra þeirra einstaklinga, fyrirtækja og samtaka í þjóðfélaginu, sem þurfa á að halda hlutlausum upplýsingum um efnahagsmál. Hagrannsóknastörf Efnahagsstofnunarinnar hafa notið sérstaks trausts allra aðila, og er bót að því, að sú starfsemi verði sem sjálfstæðust.

Alþingi, 16. des. 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.